

## **1. Fundur í skólaráði 8.11.2016**

**Mættir voru Ragna, Thelma, Jón B, Ingunn Ósk, Jón Vilberg, Embla, og Þorgerður**

### **1. Kynning á starfsáætlun skólaráðs.**

J.B kynnir starfsáætlun skólaráðs. Spjall um starfsáætlunina og gerða smábreytingar sem m.a. lúta að umferð við skólann, bílaplani og aðgengi að skólanum s.s. göngustígar, lýsingar ofl. Farið yfir og ákveðnar dagsetningar á skólaráðsfundum fram á vor.

### **2. Ráðningar, mannahald og skólabyrjun.**

J. B segir frá ráðningum og mannahaldi í upphafi skólaárs. Mikill tími fór í ráðningar í sumar og haust og töluverðar breytingar frá ágústmánuði og allt þangað til í október. Allt réttindafólk í kennslu nema Kristín Alfreðsd sem er í stundakennslu í heimilisfræði. Fram kom að flest hafi gengið vel í byrjun hausts.

Rætt um uppsagnir og stöðu í kjaramálum. Töluverður munur á Reykjavík og Akureyri hvað það varðar. Þensla í Reykjavík gerir að verkum að kennarar ganga að öðrum og betur launuðum störfum og eru þar af leiðandi að segja upp. Rætt um að meira álag er líklega á kennara t.d. í Reykjavík en hér t.d vegna erfiðra foreldra. Eitthvað hefur heyrst af uppsögnum hér en ekkert staðfest.

Rætt um hvernig gengur með fyrsta bekk sem kom í haust. Erfiður hópur, frek og stjórnsöm og hlýða illa. Virðist vera sama vandamál frá hausti til hausts. Hugsanlegt að erfitt verði að fá kennara til að kenna í fyrsta bekk á næstu árum.

### **3. Sjálfsmatsáætlun**

J.B kynnir sjálfsmatsáætlun skólans fyrir næsta skólaár og ræðir um hvað það er sem tekið er til mats og hvernig það er gert. Mat á skólastarfinu þarf alltaf að vera í gangi. Rætt um hvað það er að segja okkur og hvernig við getum brugðist við. Sumt er stöðugt í gangi og sumt breytist eftir þörfum.

### **4. Umbótaáætlun**

J. B leggur fram umbótaáætlun. Í kjölfar sjálfsmatsáætlunar verður að vinna umbótaáætlun varðandi það sem ætlunin er að laga og breyta. Jón fer í gegnum áætlunina og gerir grein fyrir henni. Hún tekur mið af því að að taka smáskref í einu, engar stökkbreytingar en smátt og smátt að gera betur. Ef til vill of yfirgripsmikil en samt gott að setja niður fleira en færri. Fram kom að mikilvægt er fyrir skólann að móta og setja fram stefnu um heimanám. Hefur reynst erfitt að ná fram samkomulagi þar að lútandi en er orðin brýn nauðsyn að ljúka því.

Fleira ekki og næsti fundur 6. Desember.